

Ífgeislar

TIMARIT UM LÍFSAMBOND VIÐ AÐRAR SÍGNUR • 63. TBL. 13. ÁRG. OKTÓBER 1990

Lifinu er ætlað að ná fullkomlega tökum á öllum möguleikum orku og efnis.

Helgi Pjeturss.

Ingvar Agnarsson:


Andrómeda

(Sjá forsíðumynd)

Athyglisverðast mun stjörnumerkið Andrómeda vera talið vegna þess, að þar er að finna einu vetrarbraut geimsins, sem sjáanleg er berum augum (fyrir utan *Magellansskýin tvö*). *Andrómedubokan* (M 31) er hvað stærð snertir sambærileg við okkar vetrarbraut, og er í rúmlega tveggja milljón ljósára fjarlægð. Með berum augum sýnist hún lítill, óskýr birtublettur, en í litlum sjónauka verður miðkjarninn skær og daufari birtusveigar, aflangir, kringum hann. Andrómedubokan og okkar vetrarbraut eru taldar meginvetrabrautirnar í afmarkaðri hvirfingu vetrarabrauta, sem telur um 20 einingar, en flestar eru þær miklu minni en þessar tvær.

Á forsíðumyndinni blasir við augum Andrómedu vetrarbrautin sjálf, en einnig hinar tvær fylgibrautir hennar: M 32 til hægri og NGG 205 til vinstri og neðar á myndinni.

Stjörnumerkið Andrómeda er venjulega sýnt í stjörnumfræðibókum á þessa leið:



Samkvæmt grískri goðsögn var hin fagra *Andrómeda* dóttir *Kassiópeiu* drottningar og *Sefeusar* konungs. Andrómeda lá bundin á kletti og beið þess að verða gleypit af sæskrimslinu *Setusi*. Henni varð það til lífs, að hinum hrausta kappa *Perseifi* tókst á síðstu stundu að yfirvinna óvættina og bjarga henni úr bráðri hættu. Siðan gekk hann að eiga Andrómedu. — Á þessum svæði himins er að finna stjörnumerki þau sem tengjast þessum goðsagnarverum, þ.e. *Andrómedu*, *Sefeusi*, *Kassiópeiu* og *Perseifi*, enda eru þau öll björt og prýða umhverfið yfir höfðum okkar á hverri heiðskírri vetrarnóttu.


Þorsteinn Guðjónsson:

Lífræn áhrif milli hnatta

Ég hafði skrifað eitthvað sem mér þótti allt eins líklegt til óvinsælda og vinsælda og bjóst við heldur óværri nótta (stilláhrif), en þess í stað bar fyrir mig nokkuð, sem er meðal þess, sem ég helst vildi kjósa mér. Hafi stilláhrifin stafað frá lesendum — en það sýnist mér líklegast — ber þetta vott um góða mannbekkingu þeirra og áhrif í samræmi vð það.

Ber þetta þannig að skilja í fyrsta lagi, að enginn maður geti ráðið draumum sínum sjálfur, nema hann njóti annarra að, í öðru lagi þannig, að í draumi er hver maður annar en hann sjálfur (samband við draumgjafa) og í þriðja lagi það, að sambandið er óháð fjarlægðum (yfirljóshraði). Samanber það sem haft er eftir Isabel Allende, rithöfundi frá Chile: Hún hefur samband ýmist við móður sína í Chile eða dóttur sína í Bandaríkjunum, þótt hún búi í Venezuela, en svona samband nær einnig til annarra stjarna.

Sá, sem hér er að skrifa, telur sig draumafræðing, og sá hinn vísindalegi skilningur á eðli drauma, sem ég hef til-einkað mér og haldið fram, er ekki eins fylgislaus og ýmsir munu ætla. Í starfi mínu í 40 ár hef ég kynnzt eða rekizt á marga, sem höfðu andlegt sjálfstæði til að spryrja meira um gildi en gengi og tileinkuðu sér þennan skilning í stað þess, sem minna var um vert. En af hinu ranga, auglýsta og uppblássna er ævinlega nóg til. Óvísindaleg er t.d. kenning Freuds, sem lengi var talin nær óskeikul og átti greiðan aðgang að öllum menntastofnunum, en er nú farin að dala hvarvetna (sjá t.d. grein Siglaugs Brynleifssonar um Eysenck og Freud í Mbl., 1. sept. sl.). Það virðist því mun líklegra nú



Answer Book of Astronomy (fig. 109).

Hér má sjá mikla þyrpingu vetrarbrauta í fjarlægð, sem nemur um 40 milljónum ljósára. — Allar tegundir vetrarbrauta er að sjá í þessari hvirfingu svo sem þysillaga, kúlulaga, bjálkalaga og óreglulega að lögun. Í sterkum stjörnusjám er fátt áhugaverðara, en að horfa á hinar fjarlægu vetrarbrautir, og minnast þess að hvarvetna munu skilyrðin til lífs byggjast á sömu eðlisfræðilegu undirstöðunum.

I. A.

en fyrr, að önnur draumakenning og réttari geti átt framtíðina fyrir sér.

Svo ég víki nú aftur að hugaráhrifum hnatta á milli, þá vill svo til, að um nokkurra ára bil höfum við, eða nokkrir okkar, sem leggjum stund á vísindalega draumafræði, verið að fá samband við samskonar brautryðjanda og við teljum okkur vera, á samskonar hnerti og þessi er. Virðist ástand þjóðfélagsins nokkuð álíka þar og hér, en skemmra komið í tæknilegu, því götulýsing er þar lítil, en byggingar þó geysiháar. Fremur er þessi draumgjafi okkar illa settur í sínu þjóðfélagi, og býr á neðstu hæð eða neðarlega, og oft horfir hann upp eftir stórhýsunum og til lofts, því að himinninn er hans mesta yndi. En þegar ég hef fengið þetta „útsýni“ frá honum virðist þar venjulega skýjað loft og engin sjón til stjarna og var svo enn að kvöldi þess 12. september þegar hin góðu stilliáhrif bárust mér, eftir að ég var lagstur fyrir. Ég fékk þá þetta samband og þótti mér það gott, en hvað einstök vitneskju-atriði snerti bætti það litlu við. En svo sofnaði ég til fulls og undir morgun vaknaði ég aftur.

Pykir mér þá sem ég hafi verið staddir niðri í miðborg, sem mér þótti vera í Reykjavík, en svo óljóst var mér umhverfið, að lítið var við að styðjast, nema hvað þetta var eitt-hvað ókunnuglegt. Miklu dimmara var en raunverulega var á sömu stundu hér á landi. Þetta var eitthvað áþekkt því að vera niðri í Lækjargötu móts við gamla Iðnskólann. En svo verður mér litið til lofts og þá hýrnaði nú heldur yfir hugarkrá minn. Ljómandi stjörnumergð hvert sem litið var! Ég fann nú nokkuð, hvernig þetta var annar maður en ég, sem var að skoða þetta umhverfi. Hrifningin var hans hrifning meira en míin, meiri en ég hef nú hæfileika til, enda var hann alveg gagntekinn af þessari sjón. Gerist það nú næst, að ungar drengur, 8-9 ára, kemur fast upp að „mér“. þ.e.draumgjafanum, og heldur utan um hann með ástúð mikilli. Það hvarflaði fyrir í draumvitund minni (vegna þess herfilega ómenningarástands, sem hér hefur verið að breiðast út síðustu 10-12 árin mest), hvort þetta væri eitthvað óeðlilegt, en mér varð ljóst, að því fór fjarri. Drengurinn hafði fundið

á sér hvað gleði stjörnuskoðarans var heilbrigð og sönn og ósjálfrátt dróst hann að þessum góða manni og vildi vera sem næst honum. Og fleira bar nú við. Tvær stúlkur, hinum megin á götunni, voru einnig orðnar eins og hluttakendur í þessari aðstreymandi gleði og einnig þær fóru að horfa á



An Answer Book of Astronomy (pls. 101).

**Myndin sýnir samanburð á útliti og gerð nokkurra tegunda vetrarbrauta.
I. A.**

stjörnurnar og sjá hvað útsýnið þangað var undursamlegt. Upp frá þessu vaknaði ég.

„Vísindin eru fyrst og fremst skilningur“, hefur vitur maður sagt og skilningnum á því, sem hér um ræðir, hef ég að nokkru komið fyrir í frásögninni. En hver trúir því, að sá, sem hér segir frá, sé betri vísindamaður á sviði draumafræðinnar en flestir aðrir og það byggist á réttari grundvelli? Hvað skyldu menn hugsa, þegar þeir lesa grein eins og þessa?

Rétt í því að þetta er að verða til hjá mér réttir mér maður að nafni S.H. nýtt hefti af „Scientific American“ (sept. '87), með stjarnfræðigrein sem segir m.a. þetta tvennt: (1) Að fundin sé með vissu furðulega hröð hreyfing „vetrarbrautar-safnsins litla“ (þ.e. okkar vetrarbrautar og nokkurra nærlægra) og stefnir allt safnið í átt að nokkru sem þeir kalla „aðdráttarsvæðið mikla“ („Great Attractor“), og mun vera nýtt hugtak í stjörnufræði, og í öðru lagi er fundið (2), að megnið af öllum vetrarbrautum skipar sér saman í heild, sem er kringlulaga eins og vetrarbrautirnar, en með þeim mun auðvitað, að þar eru einstakar vetrarbrautir hinar smáu einingar allt eins og sólirnar eru þær „smáagnir“, sem vetrarbrautir myndast af. Svo gífurlega stór er þessi yfir-vetrarbraut eða **vetrarbraut vetrarbrauta** að ætla má að hún **skagi út úr** hinu útreiknaða **alrými** sprengikakkars mikla, sem þeir hafa verið að tigna og dásama sl. aldarfjórðung eða svo. En það rými er þannig útreiknað, að það má sízt af öllu við því, að nokkuð skagi út úr því og er slíkt í ætt við pokahugsun, en í algerri andstöðu við óendanleikahugsun Giordanós Brúnós, sem uppi var á sextándu öld og miðið hataður af pokahugguðum þá og síðar. — Að samband geti verið á milli draumafræði og stjörnufræði mun sumum dyljast um skeið, en ekki hefði Brúnó verið lengi að skilja það, ef sú hugsun hefði þá verið komin fram, og ekki verður hann í vandræðum með það, stjörnuvitringurinn, draumgjafi okkar á jörð hinna háu, dimmu húsa. Megi hróður hans vaxa!

Helgi Pjeturss:

Úr „Meinarót“

Mér hefir oft fundist sem auðveldara væri að hugsa inni á öræfum og á fjöllum uppi, en á láglendinu og manna á meðal, og er þetta hvergi auðfundnara en þar sem á skömmum tíma má komast af fjöllum ofan í borg eða þorp. - Og margan dag hefi ég verið einn á fjöllum uppi, frá morgni til kvölds, og oftar en einusinni heila viku einn í tjaldi. Ég er á sama máli og Pythagoras höfðuspekingur um það, að slíkt sé hentugt þeim sem leitar eftir skilningi á tilverunni. Árið 1910 var ég einusinni heila viku alveg matarlaus, bragðaði ekkert nema vatn. Afleiðing af þessu varð sú óvænta, að ég fékk óráð. Það sýnir skarpleik dr. Guðmundar Finnborgasonar, að hann sagði þegar hann frétti hvernig komið var fyrir mér, að árangur þessarar reynslu minnar mundi verða aukin fróðleikur. Reyndist dr. Guðmundur um þetta sannspár. Því að það er ekkert skrum, heldur blátt áfram sagt frá staðreynd, að þetta varð mér til þess, að ég gerði það sem aldrei hafði gert verið áður. Ég áttaði mig á því, hvernig á þessu óráði stóð, skildi hversu náskylt það var draumlífinu, uppgötvaði eðli drauma, og sá hvílíkt ljós ber þaðan yfir allt það sem dulrænt hefir verið talið. Ég sá, að hið misskilda samband við lífið á stjörnunum er uppsprettu allra trúarbragða og allrar dulrænu. Vitanlega jókst ég ekki þannig að skilningi meðan ég hafði óráð, heldur eftirá. Ég fékk, ekki allt í einu, heldur smátt og smátt og ekki fyrirhafnarlaust, víðara yfirlit yfir heiminn og lífið en áður hafði til verið, skildi að tímamót voru í sögu mannkynsins meiri en nokkrum sinni áður, sannkölluð úrslitatímamót, og að hinn mesti voði var yfirvofandi, ef ekki tækist að opna augu manna fyrir sumu því sem áður hafði verið í myrkri og þoku.

Framnýall bls. 66-67.

Katrín Sólbjartsdóttir:

Maðurinn sem hvarf

Þegar ég varð 10 ára, fór ég á bæ, sem heitir Hallsteinsnes og er í Gufudalssveit. Þar bjuggu hjón, sem ég var hjá, og hétu Ólafur og Guðrún. Þarna voru fráfærur sem kallað var, og var ég látin fara kvölds og morgna til að smala ánum, því þær þurfti alltaf að mjólnka. Með mér var 13 ára strákur, sem Finnur hét.

Þessi vinna fannst mér stundum erfið, því við þurftum að fara upp um fjöll og svo í gegnum skóginn líka, því allstaðar leyndist ein og ein kind.

Stutt frá þessum bæ rann lækur, sem tekið var vatn úr til heimilisnota og byggður hafði verið smá kofi yfir lækinn.

Svo bar það við einn rigningardag er ég var að koma frá því að reka kýr á beit, að ég sé koma frekar lítinn mann í svartri regnkápu og með svartan hatt. Maðurinn var að sjá dálítið lotinn. Af því ég sá hann fara niður að læk, hélt ég það væri einhver að ná í vatn, svo ég geng niður að læknum, en er þangað kom var þar enginn, svo ég taldi víst að hann væri kominn heim. Ég spurði fólkidóttir hvaða maður hefði komið. Mér var svarað að enginn hefði komið. Ég varð dálítið undrandi. Ég var spurð og lýsti manninum. Þá sögðu strákarnir: „Það kemur einhver í dag frá Barmi“, því næsti bær hét það. Strákarnir sögðu að það væri alltaf draugur á undan því fólk. Þaðan kom svo maður seinni part dagsins, svipaður á hæð og sá sem ég sá. Ég trúði ekki að draugar væru til.

Ég var oft send á þennan bæ. Ég fór alltaf á hesti, en stundum er farið var að skyggja, þegar leið á sumar, þá kom það fyrir, þegar ég kom þar heimundir, að Gráni vildi ekki fara lengra. Hann fór þá í hringi og vildi snúa heim. Ég bara fór þá af baki og teymdi hann heim að bænum. Þá gekk allt vel.

Katrín Sólbjartsdóttir.

LÍFGEISLAR 153

Páll H. Árnason:

Söngurinn fagri í lækjargilinu

I.

Ég á ljúfa huldufólkssögu heiman frá Geitaskarði, er ég rifjaði upp úr bókinni „Leiftur frá liðnum árum“, bls. 189.

Þar bjó þá Bjarni Magnússon sýslumaður, er varð þar bráðkvaddur, en faðir minn varð ráðsmaður hjá ekkjunni og bjó þar svo síðan. Guðmundur Scheving einn af sonum Bjarna og síðar læknir í Strandasýslu ætlaði eitt kvöld út í fjós, því verið var að mjólka, en er hann kom út á hól, sem er milli fjóss og bæjar, heyrði hann fagran söng ofan úr alldjúpu bæjarlækjargili er byrjar við fjósið og nær alla leið upp í fjallaskarð það, sem bærinn dregur nafn af, víðast grasi gróið, með smá klöppum. Guðmundur fór þegar inn og fékk föður sinn og heimilisfólk til að koma út og hlusta.

Allir heyrðu sönginn og hlustuðu meðan hans naut við, eða um hálfan tíma. Söngurinn virtist vera kórsöngur og sungið með öllum röddum.

Puríður, gömul kona á Geitaskarði, sagðist hafa, einu sinni áður heyrt svipaðan söng ofan úr gilinu og þá séð þar 14 ljós.

Að heyra fagran söng og sjá björt ljós handanað er meðal þess sem gaf lífinu gildi og lyfti huga manna á fyrri tíð. Furðu algengt var það. En hvort er ágætara: söngur frá öðrum hnetti, frá hliðstæðu mannfélagi eins og telja má víst að öll þessi ljós og ljóð séu, eða fagrir tónleikar í samkomusal hér á jörð. Hvort er eftirsóknarverðara? Svarið er að hvorttveggja er nauðsynlegt. Maður sem hrífst sannlega á góðum tónleikum getur orðið draumgjafi skynjanda á öðrum hnetti eins og maður þar sem heyrir góðan söng getur „endurvarpað“ honum til skynjanda hér á jörð.

Ingvar Agnarsson:

Stórvirki fornaldar í ljósi hinnar nýju lífaflfræði

Við nútímamenn stöndum oft orðlausir af undrun er við virðum fyrir okkur sumar af þeim miklu menjum, sem forsögulegir forfeður okkar hafa skilið eftir sig á ýmsum slóðum um víða veröld. Við reynum að geta okkur til um hvernig í ósköpunum þeir hafi getað komið þessu í kring, áhaldalitlir, eins og menn voru þá, og við fáum ekki skilið þessa möguleika. Og ekki hafa þjóðirnar í norðanverðri Evrópu staðið öðrum að baki í gerð mikilfenglegra mannvirkja, heldur munu þær hafa staðið í flokki hinna fremstu á því sviði. Ég ætla hér að minnast lítillega á eitt slíkt dæmi.

Í Locmariaquer rétt hjá Carnac á Bretaníuskaga í Norður-Frakklandi er jötunsteinn einn, sem þangað hefur verið fluttur af mannavöldum. Talið er, að hingað hafi hann verið færður, fyrir um 4.000 árum, honum komið á stall, á traustum undirstöðum og reistur upp á endann, til þess að standa þar um langa framtíð. Hann hefur þá verið allt að 20 metrum á hæð og sver eftir því. Ekki hef ég séð tölur um það, hversu þungur hann er talinn í tonnum, en þetta hefur ekki verið neitt smábákn.

Pessi mikli einsteinungur hefur svo gnæft við himin, þarna á flatlendinu í hundruð og þúsundir ára, uns tímans tönn tókst að vinna á honum um síðir, og fella hann til jarðar þar sem hann brotnaði í nokkra hluta, svo sem enn má sjá merkin um. Hér liggur hann enn í dag óhreyfður, sem minnisvarði þess, sem hinir fornu menn gátu gert, löngu áður en nútímatækni kom til sögunnar.

Enginn veit með neinni vissu hver verið hefur tilgangurinn með þessu mikla mannvirkni. Það mun áfram verða hulin ráðgáta.

Og enn síður getum við giskað á með neinni vissu, hvaða vinnubrögð voru notuð til að höggva frá bergstáli þennan



Ur ruinu Earth Spirit.

Myndin sýnir jötundranginn mikla, sem nú liggur fallinn og brotinn í Locmariaquer.


jötundrang, flytja hann síðan um langa vegu og loks að reisa hann upp á endann á áfangastað. Engum nútímagamanni hefur með neinni vissu getað hugkæmst, hvaða afl hefur verið hér að verki, þ.e. hverskonar orku þeir hafa ráðið yfir, þessir liðnu menn, sem okkur, sem nú lifum, hefur hætt til að líta niður á, sem einhverskonar villimenn, sem ekkert hafi kunnað til verka, nema þá helst að veiða dýr sér til matar. Alveg er óhugsandi sú skýring að vöðvaorka þeirra ein saman hafi nægt, þótt fjölmargir fræðimenn og aðrir, reyni með því móti að leita náttúrlegra lausna á þessum furðulegu menjum, sem menn í fornöld hafa látið eftir sig.

Er hugsanlegt að samtakamáttur, þ.e. samstillt hugarorka margra manna, hafi hér átt mikinn hlut að máli, samfara aðsendri orku lengra kominna stjarnbúa í einhverju öðru sólhverfi, stjarnbúa, sem þessir forfeður okkar hafi haft nán sambond við og jafnvel tignað og trúað á sem guði. Þaðan hafi mennirnir hlotið hina yfirmannlegu orku til þessara stórræða, sem okkur nútímagönum gengur svo illa að skilja?

Vel finnst mér hugsanlegt að lífaflfræðin, sem dr. Helgi Pjetursson var upphafsmaður að, eigi eftir að bregða nýju

ljósi á ýms þau furðuverk fornrar menningar, sem hið tæknivædda mannkyn nútímans kann engin svör við, sem viðhlítandi séu. Og einnig má hugsa sér að lífaflfræðin þegar hún hefur verið skilin og þróuð fram á leið, svo sem hin mesta nauðsyn er á, verði eitt þeirra meginafla, sem mannkynið getur síst án verið ef farsael framtíð á að geta orðið á jörðu okkar. Í þá átt benda þessi orð Helga Pjeturss í ritgerðinni Stjörnulíffræði: „*Hin nýju vísindi munu fá mönnum yfírráð yfir orkutegundum, sem mjög mörgum sinnum mikilvirkari, fjölvirkari og furðuvirkari verða en jafnvel hið furðulega rafmagn*“.

Íslendingar gætu orðið fyrstir jarðbúa til að taka upp vísindalegar rannsóknir og iðkun hinnar nýju vísindagreinar, lífaflfræðinnar. Mundu þá, að minni hyggju, brátt koma




Ur ritnum Earth Spirit.

Ennbá standa einsteinungarnir miklu í röðum, víða um Bretland og Frakkland, sem óræk vitni um verkmenningu þá, sem blómstraði á forsögulegum tínum meðal Norður-Evrópuþjóða.

í ljós að engin fræðigrein er víðfeðmari, eða nær yfir fjölbættari svið mannlegrar þekkingar, og mundi þar sannast að „*ein uppgötvun er alltaf inngangur að annari stærri*“.

Hin nýja lífaflfræði, ef stunduð yrði á réttan hátt, gefur vissulega fyrirheit um meiri gagnsemi, en enn er órað fyrir.

(T. 7. 3. 1990).



Ur ritina Earth Spirit.

Stonehenge í Englandi er eitthvert þekktasta stórvirkni frá forsögulegum tímum í Evrópu. Málarinn frægi J. M. W. Turner málaði þessa áhrifamiklu mynd af Stonehenge á árunum 1820-30, og sýnir vel, hvernig þetta mannvirkni hefur litið út þá, áður en neitt var farið að laga þar til eða breyta neinu.

Þorsteinn Guðjónsson:

Aforkun og áorkun

Orkan fór af Norðurlandaráði um leið og það hvarf að því óráði að halda áfram ofsóknum sínum gegn hvítu þjóðinni í Suður-Afríku og er þetta beint í kjölfar þess að ræðis- maður Íslendinga í því landi lifir af átta hnífstungur Afríksa þjóðarráðsins en það eru samtök svertingja gegn hvítum þar í landi, grundvölluð á stjórnmálastefnu sem sumir telja aldauða. Mótsagnarununa mætti rekja endalaust; en stað- reynd er að rafmagnið fór af og rafmagn virðist oss löngum vera viðkvæmt fyrir því sem gerist á sviði lífs og hugsunar; mætti því ætla að rafmagnsbilunin hafi ekki verið án sambands við hina röngu hugsun í ráðinu, en ekki rek ég þann feril lengra. Lengra ætla ég frá almannahugsun en þetta; til eru sambönd í efni og lífi sem eðlisfræðin vissi ekkert um fyrir svo sem tveim áratugum, en munu nú því meir viðurkennd sem menn vita betur í þeim fræðum; geta þeir sem vel hafa íhugað **draumkenninguna** íslensku nú haelst um og eft sinn eigin hug, því að treysta má að þarna er um viðurkennd fræði að ræða. Að tala um **hraðsambönd** um himingeiminn rekst ekki lengur á neinn vísindavegg eins og það gerði í æsku vorri meðan kennisetningin um ljós- hraðann sem hin endanlegu takmörk alls var í blóma sínum. Við erum ekki lengur kúgaðir á þann hátt sem lengi sýndist að verða mundi endalaust. Þess vegna segi ég við hina ýmsu fylgjendur draumakenningarinnar, forna og nýja, réttum úr okkur og grípum tækifærin sem hinar nýju aðstæður bjóða!

Vilji maður hafa áhrif á þessum leiðum hjá jafnhelsjúku mannkyni og þetta er þýðir aldrei, eða ekki lengur, að snúa hug sínum beint að því sem við blasir, heldur að hliðstæðum á svipuðum frumlífshnöttum og má þó aldrei gleyma því að sjónir framlífsmanna á ýmsum fullkomnunarstigum hvíla á

frumlífsþróuninni. Trúmenn, sem eru miklu merkilegri menn en þeir gerðu sér grein fyrir, sem skynsamastir þóttu hafa löngum haft veður af því að ekki máttu þeir halda að sjálfir gerðu þeir „kraftaverkin“ heldur er þetta líkt og með gervihnattasjónvarpið; sendingar fara ekki beint frá landi til lands, heldur út í himingeiminn og svo á viðtökustað, er þetta miklu greiðari leið þótt hún sé mun lengri. Og trúmennirnir sendu bænir til **forsjónar** sinnar, sem síðan framkvæmdi máttarverkin - en forsjónin er reyndar staðsett í öðrum sólhverfum.

Á líkan hátt sendum við hug okkar, með tilsjón lengra kominna, til mannfélags á öðrum hnetti, þar sem vanda-málin virðast nærri því, en ekki alveg, jafnóviðráðanleg og hér til „Suður-Afríku“ þar, með þeirri ósk að hvítum mönnum þar, lengra komnum í menningarátt, takist að hitta þau ráð sem forða frá hinum mestu vandræðum. Um leið og þeim vagnar betur þar kemur endurkastið hingað til jarðar og betur fer í Suður-Afríku en menn trúua að orðið gæti.

Gerum þessa tilraun tugum og hundruðum saman. Á meðan geta hinir haldið áfram að mæla höggin og hátiðni-hreyfingarnar á Laugavegi 178.

Timinn 17. 03. 1990.

Myr

„Því verri þykja mér heimskra manna ráð er þeir koma fleiri saman.“

*Ólafur Þá í Höskuldsson.
Ásatrúarmaður á söguöld.*

Íslenskan er fullkomnust í þeim skilningi að góð hugsun (heimspeki) orðast best á henni.

P. G.

Helgi Pjeturss:

Úr Nýal

Þegar þið horfið á stjörnurnar, þá getið þið verið þess alviss, að þar sem eru þessir tindrandi smáneistar í blámyrkri næturinnar, og þó raunar jötunsólir, sem ráða fyrir furðulegum jarðstjörnum, þar er ykkar framtíðarsaga. Og þar er ykkar framíðar ríki. Þetta er hið sanna fagnaðarerindi. Hversu vesæll sem þú nú kannt að vera, þá muntu í einhverri framtíð eignast allan heiminn. Og eignast hann í miklu fullkomnari merkingu en talað er um að eignast á jörðu hér. Heiminn, sem er svo stórkostlegur, að þó að í vetrarbrautinni séu sólir svo billjónum skiftir, — sólir svo jötunvaxnar sumar, að þær mundu fylla allt bilið milli sólar vorrar og jarðar — þá er vetrarbrautin aðeins örlítill hluti heimsins. Og þó er það einnþá meira en að eignast allan heiminn, sem fyrir lífinu liggar á jörðu hér, svo vesalt sem það er ennþá. Í einhverri framtíð fær lífið hér þátt í hinni æðstu veru, verður sjálf hin æðsta vera. — Hin æðsta vera vill hefja oss upp til sín, breyta oss í sig, gefa oss sjálfa sig fullkomlega. Og er það grunur minn, að sú aflraun sé nokkru stórkostlegri en oss hér í Helvíti er farið að geta hugsast ennþá. Því að vér erum í Helvíti. Helvíti er ekkert annað en staður þar sem þjáðst er og þjáð. Staður þar sem ekki er í sannleika líf ennþá, þó að líf sé kallað, heldur aðeins tilraun til lífs. Tilraun sem alltaf mistekst. Og alltaf ver og ver, svo að þjáningin fer vaxandi, uns lífsmagnið dvínar á þeim hnetti.

En sjálft þetta, hvað þjáningin er ill, bendir til þess, hversu merkileg muni vera sú leið, sem vilst er af, þegar þjáðst er. Að eyða allri þjáning, væri að sigra Helvíti. Í þá átt er það, sem verið er að segja af í sögu Baldurs, og er það mikið heillaleysi að halda, að sú saga sé ekki annað en staeling eftir gyðingasögum.

Ritgerðin „Sambandsmál“ bls. 268.

Sambandsstöðin

(Sýn)

Skráð eftir ókunnri konu

I.

Það var sunnudagsmorgunn. Ég var nýkomin á fætur. Þá bar fyrir mig sýn, sem ég vil reyna að lýsa.

A. Turninn stóri með fánum allra þjóða.

Ég sá sívalan turn. Hann var bæði sver og hár. Ég sá margar gluggaraðir á honum, og út úr hverjum glugga stóð fánastöng. Á þessum stöngum blöktu fánar, sem mér þóttu vera þjóðfánar allra landa. Þar á meðal var íslenski fáninn. Og rödd barst mér sem sagði á þessa leið: „Hér er stöð til sambands milli allra þjóða og hún nýtur einnig orku að ofan“. Sýnin hvarf mér eins skyndilega og hún hafði birst.

B. Nýall Helga Pjeturss.

En nú fannst mér ég vera eins og dregin í átt að bókaskáp, sem þarna var í stofunni, og mér var eins og beint að einni ákveðinni bók í inni af hillunum. Ég tek þess bók. Þetta reyndist þá vera ein af Nýalsbókum dr. Helga Pjeturss. Ég opna hana af handahófi, og fyrir mér verður setning, þar sem Helgi talar um nauðsyn þess, að reisa stjörnusambandsstöð á Eskihlíð eða annars staðar. Hér með endar þessi undarlega reynsla míin, og mun hún hafa staðið yfir aðeins andartak.

II.

Nú er frá því að segja, til frekari skýringar, að Nýalsbækurnar höfðu verið til á heimili mínu alllengi, a.m.k. um margra ára skeið, en lítt hafði ég litið í þær, og ekki haft áhuga á þeim fræðum, sem þar er að finna. Mér var því að mestu ókunnugt um efni þeirra. Aftur á móti hafði ég sökkt


mér niður í lestur guðspekira og gengið í guðspekifélagið, og sótt fundi þess.

Eftir þessa einkennilegu reynslu, sem nú var af sagt, fór ég að lesa Nýalsbækurnar, og urðu þær mér mikil uppsprett gleði og lífsyllingar. Fegurra málfar hefi ég ekki séð, og mér fannst mér opnast skilningur á mikilleika heimsins og lífsins. Síðan hefur lífsskoðun míni verið í þessum anda, þótt ég hafi einnig haldið tryggð við guðspekistefnuna, enda finnst mér ekki vera hér um andstæður að ræða. Kenning Nýals hjálpar mér til að skilja þau svið, sem guðspekin fjallar um. Mér finnst að öll svið mannlegrar reynslu ættu að geta fallið undir skilning hinnar nýölsku heimspeki.

N. N.

Ekki veit ég um nafn konunnar, sem sagði frá þessari sýn, eftir fund í guðspekifélagi, árið 1982. En ég tel að rétt sé eftir haft.

S. S. T.



Einhverjar allra veglegustu byggingar lífstefnumannkynja munu vera þær, sem reistar eru til sambanda við enn lengra komna lifendur annarra stjarna.

Ólafur Davíðsson, þjóðsagnamaður:

Vetrarfegurð

Fölur máni af heiðum himni
helga sendi geisla niður.
Allt var bjart en ekki heyrðist
yndislegur fuglakliður,
ekki fagur fífill prýddi
fagurlaufgað bónda tún.

Þú ert leiður vondi vetur,
vona gleði burt þú hrekur,
en í staðinn ís og skelfing
upp úr dauðans hyl þú vekur;
líf og blóð þú lætur frjósa,
líkhjúpi þú sveipar fold.
Ef þú mættir aleinn ráða,
alla hyldi kolsvört mold.

Ávíta mig ekki, maður,
yndi nóg ég með mér flyt
og það játa af yðru kyni,
allir þeir, sem hafa vit.

Af mínum völdum mönnum birtast
mikilfengleg himins undur.
Þegar jörð er þakin ísum,
þegar sætur hvíldarblundur
ræður yfir ríkjum lífsins,
ruggar jurt og dýri í kyrrð,
þá ég sendi mildan mána,
manni að sýna himins dýrð.
Stjarnafjöldi[‘] af heiðum himni,
helga sendir geisla niður,
er sem þær sig ætli að speglar[‘]
í ís er þekur lönd og sjó,
ekki sólar blossar brenna,

baðm á tré né hörund manna,
en mánans undra mildu geislar,
mildari en tillit svanna,
töfrablæju bregða á jörðu,
og blíðu vekja mönnum hjá.
Þá þinn hugur hæst mun komast,
hjartað þá mun varmast slá.

Norðurljósin læt ég einnig,
ljósi strá um himinboga;
grafkyrr þau á stundum standa,
en stundum þau með björtum loga
þjóta alglæst ljósum ljóma,
leifstrand um himinhvel,
en litir þeirra geislagullnir
guðsdýrð sýna mönnum í.

Þegar aftur yðar jörðu
ís og fannarskaflar ljósir
þekja, í margra manna hjörtum,
mærar blómgast viskurósir.
Þá inn aldni menntamaður
mönnum ungum fræði temur,
en lærður maður undra-íðinn
ódaudlegar bækur semur.
Lífsins fjör í dauðadvala,
dettur ei í vetrarhríðum;
þá er leikið, þá er dansað,
þá er mikil skemmtan tíðum,
sveinar bæði og svannar þjóta
um svellin glæru á hálum skautum.
Margir hleypa[‘] og fráum fákum,
fjörugum á ísabreiðum.
Óhætt þér það er að segja
öllum vitrum jarðarlýð,
að veturnn, er þeir vondan telja,
að veturnn er besta tíð.

Orðin vetrar á ég hlýddi,
yður nú ég flyt hans hjal.
En meðmæling sú með þeim fylgir,
að mér þykja þau skynsamt tal.

Landnám utanjarðarmanna á hnerti draumgjafa míns

I.

Mér þótti ég eiga heima í sveit, og væri hér fremur fábýlt, en þó allstaðar bær á stangli. Ég bjó einn sér í litlu húsi og er draumur hófst var ég þarna innan dyra. Dagsbirta var. Ég stóð innan við glugga og horfði út. Stórt loftfar kom svífandi frá vinstri, fremur lágt yfir jörðu, ekki alllangt í burtu. Bolur þess var sívalur, sverastur um miðju, og gljáði á hann. Grannar rákir lágu eftir bolnum endilöngum. Báðir endar voru ávalir en ekki trjónumyndaðir.

Litur þess var skærblár, líklega indigoblár. Það leið fremur hægt áfram og hvarf mér svo til hægri. Ég vissi með sjálfum mér, að loftskip þetta væri farartæki frá öðrum hnerti, og væri í fórum til að flytja þaðan fólk til jarðar minnar.

Ég fór að hugsa um ástand hnattar míns og mannkyns og um atburði þá, sem nýlega höfðu gerst.

Mér þótti flestir eiga heima í sveit á þessari jarðstjörnu minni og væri véltaekni mjög lítil, en flest unnið með frumstæðum aðferðum. Þá kom það í huga minn að þetta sólhverfi mitt væri staðsett einhversstaðar í næsta nágrenni við stjörnumerkið Orion. (Þó kom stjarnan Sírús einnig lítillega upp í huga mínum). En annað var mér ofar í huga.

Nú hefði það gerst fyrir skömmu, - ekki gerði ég mér nákvæma grein fyrir tímalengd, - að menn frá nálægri reikistjörnu, líklega í mínu eigin sólhverfi, hefðu farið að setjast að innan um þá sem fyrir voru á minni jörð. Hefðu þeir haft með sér vélar og allskyns tæki og farið að umþylta jarðvegi eftir sínu höfði, og byggja sér hýbýli. Þeir hefðu samt látið okkur, frumbyggja hnattarins, óáreitta að mestu, og reynt

að taka til eigin nota aðeins það land, sem ekki var þegar nýtt.

Pótti mér þessir menn hafa rannsakað hér aðstæður allar, um alllangt skeið þar áður, til þess að fullvissa sig um, að landnám hér væri þeim hagkvæmt, bæði hvað loftslag snerti, ræktunarmöguleika, nýtileg jarðefni og ótalmargt fleira.

En eftir að þessari könnun þeirra var lokið, hefðu þeir hafist handa um landnám hér, og hefði það farið fram ákaflega ört og með miklum hraða. Þannig hefðu þeir sest að víðsvegar á hnetti okkar, á þeim stutta tíma, sem nú var liðinn frá því fyrstu innflytjendurnir fluttust hingað. Og ég vissi að enn örar mundi þeim fjölgla, eftir því sem lengur liði, og þeir fyrstu væru búinir að festa sig vel í sessi.

Og þótt þessir menn hefðu enn ekki komið beinlínis illa fram við okkur, þá vissi ég að allir voru samt hálfræddir við þá og reyndu að verða sem minnst á vegi þeirra. Og ég vissi að þessum aðkomumönnum var stöðugt að fjölgja. Þeir kæmu með ýmiskonar geimskipum og væri af þeim stöðugur straumur til jarðar okkar. Ekki væru þeir mjög ólíkir í útliti okkur jarðarbyggjum, en allir værum við ákaflega uggandi um framtíðina.

Þá kom í huga minn sú hugsun, en heldur óskýrt þó, að á jörð okkar væri hvergi neitt sérstakt ríki eða yfirvöld, slikt væri hér óþekkt. Enginn réði yfir öðrum og enginn kúgaði aðra, allir væru vinir, samhjálp væri algeng, en flestir væru sjálfum sér nógir. Engin opinber stjórnsýsla ætti sér stað, en gleði og áhyggjuleysi hefði ávallt verið ríkjandi hjá öllum.

ENN kom í huga minn sú vitneskja, en þó einnig heldur óskýrt, að hnöttur innflytjendanna væri fjær sólu en sá, sem ég ætti heima á og væru þó brautir beggja tiltölulega nálægar hvor annarri.

Þá hafði ég það á tilfinningunni, eða vissi raunar með vissu, að hinn hnötturinn væri ákaflega þéttbýll og landþrengsli mikil, og væri það m.a. ástæðan til landnáms þeirra á okkar hnetti.

Mér fannst ég vera allvel kunnugur ýmsum aðstæðum á

hnerti mínum og lét ég hugann reika til margra landsvæða nær og fjær. Allstaðar þótti mér vera heldur sléttlent en sumstaðar þó ásar og hæðir, en lítið um fjöll. En ekki kom í hugann neitt um það, hvort einhversstaðar væru víðáttumikil hafsvæði.

Á meðan ég var að hugsa þetta, stóð ég við glugga á litla húsinu mínu og horfði út, eins og áður sagði. Loftskipið stóra var farið framhjá og ég fór aftur að horfa á umhverfið. Hér var fremur sléttlent fram undan og allt grænt og grasi gróið að sjá, en á stangli voru litlir sveitabærir og umhverfis hvern þeirra voru tiltölulega litlar gróðurskákir, þar sem ræktaðar væru matjurtir, og voru þær nokkru dökkgrænni útlits, en óræktaða landið á milli.

Sumstaðar sá ég fólk að störfum á þessum ræktuðu blettum.

En sumstaðar á óræktarlandinu gat ég séð aðkomumennina. Þeir voru öðruvísi klæddir en samlandar mínir, en svo langt í burtu, að ekki gat ég séð þá mjög greinilega. Ég sá að hjá þeim voru vinnuvélar og einhver stór tæki.

Nú gekk hópur aðkomumanna framan við gluggann nálægt húsi mínu. Ég varð hræddur og forðaði mér frá glugganum, til þess að þeir skyldu ekki sjá mig.

Nokkru síðar leit ég aftur út. Mennirnir voru horfnir. Ég sá konu eina á gangi nálægt húsinu. Ég þóttist þekkja hana. Ekki tók ég svo vel eftir henni að ég geti lýst. Hún bar í höndum sér marga pinkla. Mig langaði til að hjálpa henni að bera þetta, en einnig að tala við hana um ástandið.

Ég hljóp út til hennar og tók af henni einhverja böggla. Við fylgdumst að upp bratta brekku, sem var á bak við hús mitt. Við fórum að tala saman um þær ískyggilegu horfur, sem framundan væru. En ekkert man ég úr þeim samræðum, enda tók nú draumurinn óðum að dofna og vorum við rétt að komast upp á brekkubrúnina, er draumurinn rofnaði að fullu.

Og það var eins og einhver geigur eða áhyggjuhugsun sæti enn eftir í huga mínum fyrst eftir að ég vaknaði.

II.

Draumgjafi minn í framansögðum draumi hefur vafalaust verið íbúi á einhverri frumlifsjarðstjörnu. Og líklega hefur tækníþróun þar verið skammt á veg komin, eins og líka kom fram í huga hans. Fólk hefur líklega búið þarna frá upphafi í friði og sátt, ræktað hæfilega stórt land sér til framfærис og sennilega verið nægjusamt og hamingjusamt.

En svo hefur allskyndilega orðið hér breyting á, er tæknivæddir landnemar frá nálægri reikistjörnu í sama sólhverfi taka að nema hér land í miklum mæli. Stórkostleg umbreyting verður. Hinir rótgrónu lífshættir frumbyggjanna hljóta að gjörbreytast og það á óæskilega skömmum tíma. Svo lítur að visu út, eftir hugleiðingum draumgjafa míns að dæma, að innflytjendurnir séu ekki drápsgjarnir, og að þeir leitist við að beita frumbyggjana ekki ofbeldi, en þeir taka af þeim landið, þeirra eigið land, og hljóta því að þrengja að þeim í æ meira mæli eftir því sem tímar líða. Það er því í meira lagi líklegt að þetta skyndilega nábýli eigi eftir að hafa óheillavænleg áhrif á allt líf hjá frumþjóðum þessa hnattar, jafnvel þótt aðkomufólkið reyni að þrengja kosti þess sem minnst.

Mjög þykir mér líklegt, að til séu tveir byggðir hnöttir, eða jafnvel fleiri á ýmsum stöðum geimsins innan sama sólhverfis, og eru reyndar frásagnir til um slíkt meðal sjáenda. Byggðir hnöttir hljóta að liggja á tiltölulega mjóu belti innan hvers sólhverfis. Lífbelti einnar sólar mun ávallt vera fremur þróngt, það má hvorki vera of nálaegt sólinni, eða of langt frá henni til þess að hnöttir þess geti fóstrað líf. Þar sem því tveir byggðir hnöttir ganga um sömu sól, hljóta brautir þeirra að liggja fremur nálaegt hvor annarri. Það ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu, að tækníþróað mannkyn á öðrum hnettinum, þar sem e.t.v. væri við offjölgun að stríða, gæti ferðast á milli í geimfarartækjum og jafnvel hafið landnám á hinum hnettinum, sem e.t.v. væri fábyggður af lítt tæknivæddum mönnum. rétt eins og hvítir menn hafa lagt undir sig heilu heimsálfurnar á okkar hnetti, undireins og framfarir í tækní gerðu slíkt mögulegt, og þá ekki ávallt

tekið tillit til þess, hvað frumbyggjum þeirra landa væri fyrir bestu.

Ég vil nú aðeins óska þess, að frumbyggjum hnattarins, þar sem draumgjafi minn á heima, verði sem minnst meint af landnámi og væntanlegri landsetu hinna ókunnu manna, sem nú virðast vera að taka sér bólfestu í heimabyggð hans og á hnetti hans í heild, svo framarlega sem hugsun hans hefur komist nokkurn veginn rétt inn í sofandi vitund mína.

Þó vil ég helst af öllu óska þess, að eithvað það kæmi fyrir aðkomumennina, sem neyddi þá til að hætta að fullu þessu landnámi sínu, sem sennilega gæti aldrei orðið heima-mönnum nema til ills.

Ingvar Agnarsson, (dreymt 13. júní 1988.)

(Lesið upp á fundi í Félagi Nýalssinna 4. jan. 1989)

Fjarsending á filmu

(Filma send að fjarhrifaleiðum til framköllunar hnatta á milli)

Draumur

I.

Það dreymdi mig að ég kæmi inn á lækningastofu. Því tók ég eftir, að hún var útbúin á allt annan hátt en þann, sem við eignum að venjast. Parna var ljósmynda- eða kvikmynda-vél og læknir tók myndir af þeim stað á líkama mínum sem skoða átti. Svo tók hann filmuræmuna úr vélinni og sagði: „Nú ætla ég að senda þetta til framköllunar“.

Og ég skildi undireins hvernig þessu væri hártað. Filmuna átti að senda á svipstundu til annars hnattar, þar sem hún yrði framkölluð, og send til baka með sama hætti, sem allstórar, framkallaðar myndir. Þeir þar gætu gert þetta á miklu fullkomnari hátt, en unnt væri á mínum stað, þ.e. á mínum hnetti.

Og mér fannst þetta ekki beinlínis neitt undrunarefni. Mér þótti þetta einmitt vera algengt.

Læknirinn lagði filmuræmuna frá sér á ákveðinn stað og ég sá hana leysast upp og hverfa fyrir augum mér, en ég ætlaði að bíða, þar til myndirnar, fullgerðar, kæmu hér aftur fram. En áður en svo yrði, vaknaði ég.

Eftir að ég var vaknaður, undraðist ég stórlægum þennan draum og hugleiddi, hverskonar undarleg tækni það gæti verið, sem hér væri notuð.

Ingvar Sigurðsson, (dreymt 01. 07. 1990.)

II.

Umsögn um drauminn

Þennan draum sagði mér sonarsonur minn Ingvar Sigurðsson. Hann starfar nú við ljósmyndatökur og framköllun mynda hjá fyrirtæki einu í Kópavogi, og hefur lengi haft mikinn áhuga á listrænni gerð og töku ljósmynda. Vera kann, að þessi áhugi hans á þessu sviði komi m.a. þannig fram, að í draumi verði hann, sem draumþegi, færari um að veita athygli og festa sér í minni skyld viðfangsefni sem honum kann að berast frá hliðstæðri iðju draumgjafa á annarri stjörnu.

Þessi draumur hans mun vera heldur óvenjulegur. Þó sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að þar sem rétt stefnir og sambandsskilningur er kominn á hátt stig, þar geti flutningur vissra efna frá einni stjörnu til annarrar, átt sér stað, að fjarhrifaleiðum, og að slíkt sé jafnvel stundað í einhverjum mæli, ef nauðsyn ber til.

Eitt atriði draumsins, í þessu sambandi er mjög athyglisvert: „Dreymandinn (sem auðvitað sá fyrir samband, með augum draumgjafa á öðrum hnetti) sá hvernig ljósmyndaræman leystist upp og hvarf fyrir augum hans. Í þessari athugun felst mikið sönnunargildi, um raunveruleika þessarar einstæðu draumreynslu.

Ingvar Agnarsson.

Huldukonu hjálpað í barnsnað og rauði bletturinn á koddanum mínum

(Draumreynsla)

Ég var á tíunda árinu og heima hjá foreldrum mínum. Við vorum tvær systur saman. Það var farið að halla sumri, og ég fyrir stuttu orðin góð af rauðum hundum, sem voru að ganga. Við fórum að spjalla saman, eftir að við háttuðum og drögum sængina upp fyrir höfuð, svo ekki heyrðist til okkar, því fleiri sváfu á sama stað og við. Við vorum búnar að tala þó nokkuð lengi. Þá finnst mér eins og verið sé að opna hurðina yfir stiganum, svo ég segi við systur mína: „Heyrir þú ekki að það er einhver að koma upp?“. Bræður míni sváfu niðri. Ég sagði svo við systur mína: „Við skulum fara að sofa“, og við sofnuðum fljótt.

Þá fer mig að dreyma, að kona kemur að rúmi mínu, tekur í hönd mér og vill fá mig með sér, en ég vildi ekki fara með henni, þar sem ég þekkti ekki konuna og ég stimpáðist á móti. Þá sagði konan: „Pú mátt til að koma. Ég fylgi þér aftur heim“, svo ég fer með henni.

Við gengum svo nokkuð langa leið. Þá finnst mér fara að birta, en ég sé ekki hús, bara dálítið háan klett, sem ég kannaðist ekki við. Hér nam ég staðar.

Ekki fórum við lengra, en að þessum kletti. Við komum inn í gang, þar sem logaði bara á litlu kerti og ekki sá ég önnur ljós. Hún hélt alltaf í hönd mína, leiðir mig að flatsæng, þar sem kona liggur, bendir mér að setjast hjá henni og gerði ég það. En sjálf gengur hún inn í annað herbergi og lokar á eftir sér.

Nú vissi ég ekki hvað ég átti að gera hér, þar til ég sé að stúlkan dregur upp fæturna og fer að velta höfði til og frá. Þá skil ég að hún sé líklega að eiga barn. Fer ég þá með hendi inn undir teppið en henni fer að líða betur. Nú kom konan fram úr hinu herberginu, gengur til míni og tekur í

hönd mína. Hvorug sagði orð við mig og ekki sá ég barnið og vissi ekki meir hvað ég hefði gert. Nema ég vakna í rúmi mínu og sest upp. Þá gengur konan frá rúmi mínu og fram á gólfíð. Ég þekkti hana. Svo hún stóð þá við að fylgja mér aftur heim.

Ég sagði móður minni frá þessu um morguninn og sýndi henni rauðan stóran blett, sem var neðan við koddann minn: „Við skulum bara gleyma þessu vina“, sagði hún, en ég hef ekki getað gleymt þessum draumi, þótt liðnir séu nú fjölmargir áratugir síðan.

Katrín Sólbjartsdóttir.

Vinstri akstur í draumi

Mig dreymdi (maí 1990) að ég sæti í framsæti við hlið bílstjóra í bíl, sem ekið var hratt vinstra megin á vegi sem mér þótti vera utan borgar eða í strjábýli.

Mér þótti bílstjórinn segja mér að hann væri Skoti, eða frá Skotlandi. Er við höfðum ekið þannig um stund vinstra megin á veginum og án þess að bílstjórinn gerði sig líklegan til að færa bílinn á hægri vegarhelming, fór mér að finnast sem slíkur vinstriakstur gæti orðið ekki hættulaus til lengdar, en jafnframt veitti ég því þó athygli að bílar sem á móti okkur komu, voru réttu megin á veginum, miðað við að þarna tíðkaðist vinstri akstur. Enda mun svo líklega vera. Ótti minn í draumnum virðist því hafa verið ástæðulaus, þó að líklega verði að rekja hann til vitundar minnar, (er að einhverju leyti hafi þarna vaknað) um hægri akstur sem maður á að venjast á Íslandi.

En fróðir menn hafa sagt mér það sem ég vissi ekki áður en mig dreymdi drauminn að í Skotlandi og víðar í Evrópu tíðkast vinstri akstur.

Sterklega bendir þessi draumur til sambands út fyrir Ísland, til lands þar sem vinstri akstur viðgengst eða er ríkjandi.

Sveinn Haraldsson.

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn: 04. 01. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sif.

Ásynja Sif mælir.

Heil og sæl.

Megi ykkur vaxa ásmegin óðfluga og viljum við geta komið til jarðar nægilegum krafti til hjálpar, þannig er aldrei áður hefur orðið, því þannig mun mega breyta um stefnu frá myrkri til ljóss, frá hatri til elsku og góðvildar. Að milda hugina og vitka er það sem eitt má leiða til lífstefnu. Er sú míni ósk og von að geta stuðlað að stefnubreytingu í mannheimi. Íslendignar eru sú þjóð, sem mestar vonir eru við bundnar, er geti breytt hugarfari mannkyns alls. Séu þeir einhuga í fylgi við réttan málstað og höfuðsannindi, mun það takast giftusamlega, sem þeim var ætlað.

Pakka svo fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn: 06. 06. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sif.

Sif. Heil og sæl.

Ásynja mælir.

Til ykkar beinist sterkur hugur frá vetrarbraut okkar. Eruð þið studd í starfi héðan frá heimkynnum hinna forn Ása, þeirra er sögur og kvæði forn segja af tíðindi nokkur og þó án hins nauðsynlega skilnings á verum þeim, er Æsir nefndust og Ásynjur. Enda ekki við öðru að búast á þeim tíma, er þekking var skammt á veg komin hjá því er síðar varð. Stjörnulíffræði var þá ekki komin til sögunnar og þekking á alheiminum slík, sem hún er nú orðin á ykkar jörð. Samt höfðu fornmann veður af æðra lífi á fjarlægum hnöttum, höfðu skynjun til guðanna og mögnuðust af þeim, sumir meir en aðrir þó. Og vitmagnan kom fram í mál-snilldinni og göfugu tungutaki fornmannna meðal annars frá

æðri stöðum alheims. Guðmóði mæltu þeir guðanna tungu, speki og vísdóm. Þetta er það, sem menn þurfa að vita og skilja vísindalega að Æsir eru jafn raunverulegir og sjálfir formenn og niðjar þeirra á jörðu. Það er aðeins hærra stig fullkomnunar efnisins og lífsins, er þeir hafa náð og heimkynni þeirra eru aðrar jarðstjörnur geimsins, þar sem samstillingin er guðlega fögur og fullkomín og þó alltaf vaxandi óendanlega. Þið skuluð ekki efa, að ykkur er styrkur að Ásum og ekki aðeins ykkur, heldur mannkyni öllu, ef það lærir að samstilla sig réttilega um höfuðsannindi.

Pakka svo fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn: 27. 06. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Zaraþústra.

Zaraþústra.

Fundarmaður: Varst þú ekki uppi í Íran í fornöld?

Fyrir þúsundum ára. Þeir, sem þá voru uppi, Persar og aðrir þeir, sem byggðu lönd Asíuhálendis, möguðust margir guðlegri vitund og urðu spámenn og fræðarar og spekingar og vissu margt, sem hulið var fjöldanum og kenndu mönum speki og vísindi. Guðirnir komu sinni hugsun og visku fram að nokkru í hugum slíkra manna. Er það viðleitni hinna legra komnu að hjálpa hinum skemmra komu á þroskabraut og framfarabraut. Er sú guðlega viðleitni undirrót framfara meir en margan grunrar og þannig verður að ætla, að lengra komnir íbúar stjarnanna muni beina til mannkyns jarðarinnar geislum visku og kærleika í framtíðinni. Jafnvel að þeir muni heimsækja jörðina, þegar skapast hafa hin nauðsynlegu skilyrði til slíks. Þar á ég við, að hugarfar jarðarbúa og þekking (séu) komin á það stig, að unnt verði að heimsækja þennan hnött af æðri lífstöðvum alheimsins. Ætla ég ekki að segja fyrir um það að þessu sinni, hvenær þetta muni verða, þó ég eigi þann möguleika og ef til vill munu Íslendingar eiga þar drýgstan hlut að málí.

Pakka fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn: 04. 06. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Agnar Jónsson.

(Agnar Jónsson):

Ingvar, sæll.

Pabbi.

Ingvar Agnarsson: Pabbi minn, komdu blesaður og sæll.

Agnar: Og Heiða, sæl.

Aðalheiður Tómasdóttir: Komdu blesaður.

Agnar: Alltaf er hugur minn ykkur meira og minna tengd-ur og okkar beggja.

Ingvar: Já, eruð þið þarna bæði núna?

Agnar: Og við erum hér í einingu andans og — —

Ingvar: Og bandi friðarins, og þú sagðir stundum.

Agnar: — bandi friðarins.

Já, þetta er undursamleg ráðstöfun hins æðsta máttar, er þar er að verki. Að enginn þarf að kvíða því, að verða einn um eilífð og einangraður frá ástvinunum. En það er svo dýrmætt að vera með ástvinum á þroskabraut sinni og finna þaðan kærleika og ástúð til sín allar stundir.

Nú eru hér, eins og búast má við, stjörnusambandsstöðvar stórkostlegar á minni jörð.

Ingvar: Já, þú ert í einni slíkri núna?

Agnar Og er ég í einni slíkri staddur. Hún er á háum fjallstindi hátt gnæfandi mjög og stórkostlegir salir og hvelf-ingar hér. Og enginn, er hingað kemur, fer héðan öðruvísí en miklu glaðari og öflugri en hann kom.

Ingvar: Er þetta sama stöðin og þú varst í, þegar þú talað-ir við mig síðast?

Agnar: Einmitt, þetta er einhver sú stórkostlegasta afl-stöð, sem hér er á hnerti þessum og eru þó margar hinar öflugustu sambandsstöðvar hér og stórkostlegar, þar sem gott er að koma. En hér er nú mamma þín með mér og fleiri vinirnir framliðnir og öllum líður þeim í alla staði vel.

Ingvar: Já, það gleður okkur.

Agnar: Þegar hér eru samkomur, koma hér fram vinir

langt að komnir, frá öðrum vetrarbrautum stundum, æðra tilverustigi en mannlegu og er stórkostelgt mjög að fá slíkar heimsóknir. Þar sem æðri verur, er hingað koma til þess eins og hjálpa og auka mönnum vit og þroska og mátt til alls þess, sem gott er og göfugt, þá er hinn mesti ávinnungur af þessu sambandi upp á við, ósegjanlega dýrmætt fyrir alla, er þess njóta.

Nú syng ég mikið.

Ingvar: Þú syngur mikið núna. Því trúi ég.

Agnar: Og það af lífsgleði og fögnuði. Það eru söngvar til hins æðsta máttar ekki síst, til ástarinnar og fugurðarinnar og kærleikans, er allt umvefur og allt geymir um eilífð.

En ég er, eins og ekki þarf fram að taka, sístarfandi og það er svo margt hér að starfa gagnlegt og göfugt, ef menn hafa hug á því og ekki skortir hér starfslöngun hjá mönnum né starfsorku. Hún er ósegjanlega öflug, má ég fullyrða. En þegar svo er, líður mönnum vel. Að finna sér farveg í þroskandi starfi er ein besta gleðiuppsprettta einstaklingsins.

Það er fagurt samfélag hér manna um allan hnöttinn, vaxandi samtök, er öll stefna að einu marki, þroska einstaklinganna, efla mátt þeirra og fullkomnun og skapa hér æ fullkomnari lífheild allra hinna ótalmörgu, er hér eiga heima. En su lífheild tengist mannkynjum á öðrum hnöttum og goðkynjum æ fullkonari böndum. Samstillingin upp á við fer sívaxandi.

Þó ég sé ekki heimspekingur né fræðimaður mikill, er ég þó að reyna að hugsa og skilja lífið og tilveruna og auka við þekkingu mína í þeim efnum og þó ég finni mig skorta margt, þá hefur mér tekist að ná talsvert áleiðis á þessari braut og held ótrauður áfram þeirri þekkingarleit, skilningsleit. Þar veit ég möguleikarnir eru óprotlegir framundan. Á ótal himinhnöttum alheimssins bíða mín stórkostlegri og stórkostlegri tækifæri til þroska hugar og líkama.

Jæja, þið viljið vafalaust heyra frá fleirum og ég held ég láti hér staðar numið.

Þakka ykkur innilega.

Verið blessuð.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 19. 10. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Egill Skallagrímsson.

Egill.

Sæl og blessuð.

Ég sendi ykkur orku.

Fornmaður Skallagrímsson.

Blessuð og sæl.

Komið heil og sæl.

Eigi eru Fornmenn dauðir úr öllum æðum og ekki eru þeir búnir að segja sitt síðast orð. Ekkert minna dugir en fullkominn samstilling í anda Nýalsstefnu, ef takast á að sigra helstefnuna með öllu og skulum við treysta mætti íslensks máls og íslenskrar hugsunar. Hvortveggja mun, ef það er rétt meðfarið, megna að opna mannkyninu leið út úr ógöngum trúarbragða og helstefnuheimsku.

Ég hef ekki í framlifi setið auðum höndum. Um aldirnar hef ég ritað bækur og ort drápur og kvæði. Og ég hef enn fremur lagt vopnaburð niður annan en andans vopn, ef mætti kalla svo.

Ég hef frá mörgu að segja, sem síðar kann að verða tök á að rekja hér. Frá mörgu að segja frá lífi mínu á ýmsum framlífshnöttum, er ég hef hug á að koma til jarðar. Ef vel til tækist, gæti slíkt mörgum orðið til fróðleiks og skemmtunar og vitkunar jafnframt, ýmislegt sögulegt og fróðlegt.

Lífsreynslan um aldirnar er þess eðlis, að það eru stórkostleg frásagnarefni þar mörg. Og veit ég ekki er víst öllum muni í fyrstu trúlegt þykja allt, ef sagt væri frá því. En það er meira vert um hina, sem kynnu að meta það, sem vert væri og vel væri frá sagt.

Fundarmaður: Hvað um Egilssögu. Er hún rétt sögð?

Ég tel að Egilssaga hafi við sannindi að styðjast að flestu leyti. Ekki lygisaga.

Þakka fyrir og verið sæl.

Til lesenda Lífgeisla

ENN FÁIÐ ÞIÐ HÉR Í HENDUR LÍFGEISLAHEFTI, HIÐ FIMMTA Á ÞESSU ÁRI, OG HöFUM VIÐ LEITAST VIÐ AÐ HAFA ÞAÐ EINS FJÖLBREYTT AÐ EFNI OG UNNT ER, OG ÞÓ INNAN ÞESS RAMMA, SEM TILHEYRIR TILGANGI ÞESSA RITS.

Frá upphafi *Lífgeisla*, árið 1975, hefur aðal tilgangur ritsins verið sá, að birta ýmsar „dulrænar“ frásagnir með skýringum, drauma og hugleiðingar til að glæða meðal lesenda, náttúrufræðilegan skilning á þeim efnunum, sem um aldir hafa fallið undir trúmál hverskonar og undir dulhyggju af ýmsum toga. Nýalssinnar telja það eitthvert mikilvægasta hlutverk mannkynsins, að vaxa upp frá vanþekkingu og hindurvitnum hverskonar, til raunverulegrar vitneskju og sannrar þekkingar á eðli lífs og heims, þannig að vit og skilningur komi í stað ýmiskonar vanvisku sem hingað til hefur ráðið miklu í hugarheimi mannkynsins.

Engar þjóðir hafa haft aðra eins möguleika til slíkrar vísindalegrar lífsskoðunar og Íslendingar, því þeir einir hafa hingað til haft við að styðjast þær uppgötvanir, sem fram koma í Nýalsritum dr. Helga Pjeturss, sem mundu marka tímamót í allri framþróun mannkyns á jörðu okkar ef þegnar væru og eftir þeim farið með opnum huga og vísindalegum skilningi á eðli lífsambanda.

Lífgeislahefti nr. 62 fyrir ágúst 1990 varð því miður of síðbúið til réttrar afhendingar af ófyrirséðum orsökum, og vill útgefandi og ritstjórn biðja lesendur afsökunar á þessum draetti.

Svo óskum við ykkur, lesendur góðir, allra heilla.

Fh. ritstjórnar og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd **Félags Nýalssinna**
 Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Andromeda.

(forsíðumynd og önnur) I. A.	bls.	146
Lífræn áhrif milli hnatta (með 2 myndum).		
Þorsteinn Guðjónsson	"	147
Úr „Meinarót“. Helgi Pjeturss.	"	152
Maðurinn sem hvarf. Katrín Sólbjartsdóttir	"	153
Söngurinn fagri í lækjargilinu.		
Páll H. Árnason	"	154
Stórvirkni fornaldar (með 3 myndum). I. A.	"	155
Aforkun og áorkun. Þorsteinn Guðjónsson	"	159
Úr Nýal. Helgi Pjeturss.	"	161
Sambandsstöðin (Sýn). N. N. (með mynd).	"	162

LJÓÐ:

Vetrarfegurð.

Ólafur Davíðsson, þjóðsagnamaður	"	164
--	---	-----

DRAUMAR:

Landnám utanjarðarmanna á hnetti		
draumgjafa míns. Ingvar Agnarsson	"	166
Fjarsending á filmu milli hnatta. S. I.	"	170
Huldukonu hjálpað í barnsnauð.		
Katrín Sólbjartsdóttir	"	172
Vinstri akstur í draumi. Sveinn Haraldsson	"	173

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	"	174
Sif (Ásynja)	"	174
Sif (Ásynja)	"	174
Zaraþústra	"	175
Agnar Jónsson	"	176
Egill Skallagrímsson	"	178

MYR:

Ólafur pái Höskuldsson		
(um ráð heimskra manna)	"	160
P. G. (um íslenskuna sem fullkomíð mál)	"	160

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla	"	179
-----------------------------	---	-----